

17. sept.

Um sönnun fyrir áframhaldandi rjetti til lífeyris fer eftir reglum þeim, sem hingað til hefur verið fylgt um rjett til eftirlauna.

Fjármáladeild stjórnarráðsins, 17. sept. 1921.

Magnús Guðmundsson.

Sigurjón Markússon.

Frumvarp

9. desbr.

til

reglugjörðar um skemtanaskatt á Isafjarði.

1. gr.

Af öllum skemtunum fyrir almenning, sem haldnar eru innan lögsagnarumdæmis Ísafjarðar og seldur er aðgangur að, skal gjalda skatt samkvæmt fyrirmælum reglugjörðar þessarar. Skatturinn rennur í bæjarsjóð og skal honum varið til framfærslu ósjálfbjarga fátæklinga bæjarins.

2. gr.

Skatturinn skal vera hundraðsgjald af aðgöngumiðum eða öðrum aðgönguskírteinum, sem seld eru að skemtunum eins og hjer greinir:

1. Af sjónleikum, samsöngvum, hljómleikum, upplestri og fyrirlesturum, íþróttasýningum (líkamsíþróttum) og útileikum 10%.
2. Af öllum öðrum skemtunum 20%

Ef skemtun er margþætt, skal skatturinn jafnan miðaður við þann þátt hennar, er hærra er skattaður.

3. gr.

Nú er skemtun haldin og aðganga veitt gegn gjaldi en þó án þess að gefin sjeu út aðgönguskírteini, eða þau eru að vísu gefin út en gjaldið fyrir þátttöku í skemtuninni er eigi goldið samkvæmt þeim, eða goldið samkvæmt þeim aðeins að nokkru leyti, og skal hið ákveðna skattgjald þá goldið sem hundraðsgjald af allri þeirri upphæð, sem goldin er fyrir þátttöku í skemtuninni.

4. gr.

Undantekningar frá skattgjaldi og lækkun á hinn ákveðna skattgjaldi getur bæjarstjórnin veitt, er sjerstakar ástæður mæla með því, t. d. fyrir skemtanir, sem haldnar eru í góðgerðaskyni eða til fræðslu, til að halda uppi listum o. s. frv.

5. gr.

114
9. desbr.

Forstöðumaður skemtunar ber ábyrgð á greiðslu skattgjaldsins. Ef fleiri en einn maður stendur fyrir skemtun, þá ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn greiðslu skattgjaldsins, eða ef um fjelag er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt.

Nú hefir forstöðumaður skemtunar vanrækt að tilkynna oddvita bæjarstjórnar um forstöðu sína, og ber þá húsráðandi þess húss, er notað er til skemtunarinnar, ábyrgð á skattgreiðslunni.

6. gr.

Skatturinn greiðist til oddvita bæjarstjórnar, er hefir innheimtu hans á hendi.

7. gr.

Forstöðumönnum skemtana, er heyra undir ákvæði reglugjörðar þessarar, skal jafnan skylt að snúa sjer til oddvita bæjarstjórnar áður en skemtun er haldin og tjá honum frá forstöðu sinni, hvað haft skuli til skemtunar, upphæð aðgöngueyrisins o. s. fr.

8. gr.

Skatturinn skal innheimtur samkvæmt skýrslu, sem greiðanda er skylt að gefa oddvita bæjarstjórnar eftir reglum þeim, er hjer segir:

1. Kvikmyndahús og aðrar fastar skemtistofnanir, sem hafa skemtunar að atvinnu lengur en um stundarsakir, skulu fyrir lok hvers mánudags gefa oddvita bæjarstjórnar skýrslu yfir alla aðgöngumiða, er selt hafa næstu viku á undan, og skal í skýrslu þessari flokka aðgönguskirteini eftir verði þeirra og deginum þegar skemtunin var haldin, svo og tilgreina upphæð skattsins við hvern flokk og samanlagt verð aðgönguskirteinanna og skattgjaldið.

2. Þeir, sem aðeins halda skemtun í eitt skifti, eða takmarkaða tölu skemtana, skulu hafa gefið oddvita bæjarstjórnar framangreinda skýrslu um tölu seldra aðgönguskirteina eða aðgöngueyririnn í heild sinni, ef goldið hefir verið fyrir þáttöku í skemtuninni samkvæmt 3. grein, í síðasta lagi áður en 2 dagar eru liðnir frá því að skemtuninni lauk.

Skýrslur þær, er ræðir um í grein þessari, skulu gerðar eftir fyrirmynd, sem bæjarstjórn samþykkir, og greiðist skatturinn um leið og skýrsla er gefin, gegn kvittun oddvita bæjarstjórnar.

Nú er skattur ekki greiddur samkvæmt ofangreindum reglum og má þá taka hann lögtaki á kostnað greiðanda.

9. gr.

Þeim, er atvinnu hafa af skemtunum lengur en um stundarsakir, skal skylt að hafa nákvæmt og aðgengilegt bókhald yfir tekjur eða gjald það, sem tekið er fyrir skemtunarinnar, og sæta því, að oddviti bæjarstjórnar hafi eftirlit með bókhaldinu, ef þurfa þykir.

10. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugjörð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

114

9. desbr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum alt að 1000.00 krónum, ef ekki liggur þyngrri refsing við að lögum.

11. gr.

Reglugjörð þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðar hefir samþykkt, er hjer með staðfest samkvæmt lögum 22. nóvember 1918 til að öðlast gildi 1. janúar 1922, og birtist til eftirbreytni þeim, er hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9. desember 1921.

Magnús Guðmundsson.

G. Sveinbjörnsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Minningarsjóð Gunnsteins litla«, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherranum 10. desember 1921.

115
10. des.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir „Minningarsjóð Gunnsteins litla“.

1. gr.

Sjóðurinn heitir »Minningarsjóður Gunnsteins litla« og er stofnaður til minningar um Gunnstein Valdimarsson, er andaðist 12. júní 1919.

2. gr.

Sjóðurinn er eign Nesskóla í Norðfirði og hefir skólanefnd Nesskólajeraðs stjórn sjóðsins á hendi.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að verðlauna árlega með bókagjöfum að minsta kosti tvo nemendur Nesskóla, sem að dómi kennaranna við skólann skara fram úr að góðleik, iðni og háttþryði.

Formaður skólanefndar afhendir verðlaunin á skólalokadegi.